

Skipulagsstofnun  
Þórdís Stella Erlingsdóttir  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Hafnarfjörður 12. júní 2023  
Tilv. 2023-04-26-0368/2.4.1

Efni: Varðar fyrirspurn um matsskyldu vegna Klofningsveggar (590) Dalabyggð

Með tölvupósti þann 26. apríl s.l. leitar Skipulagsstofnun umsagnar Fiskistofu varðandi hugsanlega matsskyldu framkvæmda við Klofningsveg (590) Dalabyggð. Fram kemur í meðfylgjandi gögnum að vegurinn þverar Laxá og Hvammsá. Fram kemur að ekki standi til að byggja nýjar brýr yfir Laxá og Hvammsá en vegrið brúnna verða lengd beggja vegna. Fram kemur einnig að fyrirhuguð er efnistaka úr áreyrum ána en hún hefur ekki verið nákvæmlega skilgreind. Jafnframt er tiltekið að framkvæmdin geti haft tímabundin áhrif á laxfiska og veiði meðan á framkvæmdum stendur vegna hávaða og umferðar vinnuvéla.

Fiskistofa bendir á að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á lífríki vatnsins eða aðstæður til veiði eða er háð leyfi Fiskistofu, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Mögulega þarf að skilyrða leyfi tilteknu tímabili svo forðast megi neikvæð áhrif á lífríki eða veiðihagsmuni.

Miðað við forsendur í fyrirbyggjandi gögnum telur Fiskistofa ekki nauðsynlegt að framkvæmdin þurfi að undirgangast mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,  
Fiskistofa



Guðni Magnús Eiríksson  
Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs


Skipulagsstofnun  
Þórdís Stella Erlingsdóttir  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Stykkishólmi 31.05.2023

### **Efni: Umsögn Rarik vegna Klofningsvegur (590) í Dalabyggð**

- RARIK telur að nægilega sé gert grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar og mótvægisáðgerðum og vöktun af hálfu framkvæmdaraðila.
- RARIK telur ekki þörf á að skýra þetta frekar og ekki þörf á umhverfismati.
- Gert er ráð fyrir að verktaki Vegagerðarinnar muni færa strengi RARIK undir verkumsjón starfsmanns RARIK þar sem þess er þörf. Þessi verkliður mun verða settur inn í útboðsgögn Vegagerðarinnar fyrir verkið í samræmi við tölvupóstsamskipti þar um. Verktaki sækir um rof á spennuhafa einingum ef þörf krefur með a.m.k. sólarhrings fyrirvara til Stjórnstöðvar RARIK. [stjornstod@rarik.is](mailto:stjornstod@rarik.is)

Virðingarfyllt,



Björn Sværnisson, deildarstjóri rekstrarsviðs RARIK VL  
[bjosve@rarik.is](mailto:bjosve@rarik.is) 528-9310 / 893-1358



Skipulagsstofnun  
Þórdís Stella Erlingsdóttir  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 30. maí 2023  
UST202304-269/B.S.  
10.05.03

## Efni: Klofningsvegur, Dalabyggð. Umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 26. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða endurbyggingu núverandi vegar á rúmlega 8 km löngum kafla. Ekki verður farið út fyrir núverandi vegsvæði nema þar sem tekið verður efni úr skeringum. Gert er ráð fyrir að einungis þurfi að sækja efni í tvær námur og þarf leyfi Hafrannsóknarstofnunar til efnitöku úr áreyrum Hvammsár eða Laxár sem tilgreindir eru í greinargerð. Farið er um vatnsverndarsvæði tveggja bæja. Til er verklagsregla hjá Vegagerðinni um framkvæmdir á slíkum svæðum sem hafa ætti til hliðsjónar.

Hér er um fremur litla framkvæmd að ræða og telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér ef staðið verði að framkvæmdinni eins og henni er lýst í greinargerð. Til að svo megi verða þarf að leggja áherslu á að við hönnun vegarins verði útlit skeringa ekki láttnar ráðast af stöðluðu útliti sem massaforrit Vegagerðarinnar skilar af sér. Útlit skeringa þarna tekur alls ekkert tillit til landhalla og landforma og þarf að gera grein fyrir að þarna sé ekki um endanlegt útlit skeringa að ræða í gögnum. Leggja þarf ríka áherslu á að ekki verði farið í námur við Krosshólaborgir og gjarnan mætti ganga betur frá námum við Borgirnar í tengslum við framkvæmdina og um leið hætta allri efnistöku þarna. Vísað ætti til frágangs á heimasíðunni namur.is.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson,

**sérfræðingur**

Axel Benediktsson,

**sérfræðingur**

## Umsögn Dalabyggðar Klofningsvegur (590) Dalabyggð

**Til** : Þórdís Stella Erlingsdóttir <thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is>  
**Frá** : Jóhanna María Sigmundsdóttir <johanna@dalir.is>  
**CC** : Sveitarstjóri Dalabyggð <sveitarstjori@dalir.is>  
**Heiti** : Umsögn Dalabyggðar Klofningsvegur (590) Dalabyggð  
**Málsnúmer** : 202303135  
**Málsaðili** : Vegagerðin  
**Skráð dags** : 30.05.2023 00:00:00  
**Höfundur** : Jóhanna María Sigmundsdóttir <johanna@dalir.is>  
**Viðhengi** [image001.jpg](#)

Sæl Þórdís.

Málið var tekið fyrir á 234. fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar þann 11.05.2023 og afgreitt þannig, dagskrárliður 4:

### 4. 2304017 - Umsókn um framkvæmdarleyfi á Klofningsvegi

*Frá 137. fundi umhverfis- og skipulagsnefndar Dalabyggðar, þann 04.05.2023:*

*2304017, Umsögn um Klofningsveg, tilkynning til ákvörðunar um matskyldu.*

*Skipulagsstofnun óskaði umsagnar um tilkynningu Vegagerðar á framkvæmdum við Klofningsveg, sbr. 20. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.*

*Umhverfis- og skipulagsnefnd telur að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, líklegum áhrifum á umhverfisþætti og mótvægisáðgerðum í tilkynningu Vegagerðarinnar. Umhverfis- og skipulagsnefnd telur að framkvæmdin sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum framkvæmda skv. lögum nr. 111/2021 að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laganna.*

Til máls tóku: Garðar, Þuríður, Björn Bjarki.

Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun umhverfis- og skipulagsnefndar.

Samþykkt samhljóða.

Lögð fram tillaga um að fela starfsmönnum að taka saman minnisblað um vegaframkvæmdir og einbreiðar brýr í héraðinu.

Samþykkt samhljóða.

Þetta tilkynnist hér með.

Jóhanna María Sigmundsdóttir

Staðgengill sveitarstjóra – Verkefnastjóri hjá Dalabyggð

## Umsögn Heilbrigðiseftirlits Vesturlands

**Til** : Þórdís Stella Erlingsdóttir; Heilbrigðiseftirlit Vesturlands  
**Frá** : Heilbrigðiseftirlit Vesturlands <eftirlit@hev.is>  
**CC** : Skipulagsstofnun - SLS;  
**Heiti** : Umsögn Heilbrigðiseftirlits Vesturlands  
**Málsnúmer** : 202303135  
**Málsaðili** : Vegagerðin  
**Skráð dags** : 30.05.2023 00:00:00  
**Höfundur** : Heilbrigðiseftirlit Vesturlands <eftirlit@hev.is>  
**Viðhengi** [image001.jpg](#)

Sæl og afsakið seint svar.

Heilbrigðiseftirlitið gerir eftirfarandi athugasemdir. Vegna nálægðar við vatnsverndarsvæði er lagt til að tæki verði lekaskoðuð þar sem vinna fer fram í nálægð við þau, líkt og unnið sé inn á vatnsverndarsvæði. Jafnframt er bent á að námur eru starfsleyfis skyldar skv. reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er Steinmölun og framleiðsla á ofaniburði og fyllingarefnum (gr. 2.1.) og Vinnsla jarðefna, þ.m.t. malar-, vikur- og grjótnám. Ekki ætti að vera heimilt að nýta námur sem hafa ekki „almennilega verið skilgreindar“ eins og segir í textanum. Aðeins ætti að nýta námur með starfsleyfi frá heilbrigðiseftirliti en bent er á að aðeins hefur verið sótt um örfá starfsleyfi fyrir námur á vesturlandi og því mikið verk óunnið.

Kveðja,

Þorsteinn Narfason,

framkvæmdastjóri

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

s. 431 2750, farsími. 6206566

Kveðja Þorsteinn

---

**From:** Þórdís Stella Erlingsdóttir

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 25. maí 2023  
Málsnúmer: 202304-0048  
SS

## Efni: Umsögn um matsskyldu framkvæmdar við endurbyggingu Klofningsvegjar.

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun, dags. 26. apríl 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort framkvæmd Vegagerðarinnar á endurbyggingu 8,7 km kafla á Klofningsvegi í Dalabyggð eigi að fara í mat á umhverfisáhrifum í samræmi við lög nr. 111/2021.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögn um framkvæmdina og telur framkvæmdina ekki vera þess eðlis að þörf sé á að hún fari í mat á umhverfisáhrifum enda fyrst og fremst um endurbyggingu að ræða en ekki breytingu á veglínu. Umfjöllun um helstu umhverfisáhrif er sömuleiðis ítarleg í greinargerð Vegagerðarinnar.

Sá framkvæmdaþáttur sem veldur mestum áhrifum er efnistaka vegna skeringa meðfram núverandi veglínu og efnistöku úr námum. Skeringarnar munu valda raski á gróðurlendi, sums staðar lítt snortnu m.a. votlendi að hluta sem nýtur verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Æskilegt væri að skilgreina mótvægisáðgerðir svo sem endurheimt votlendis til að vegja upp það votlendi sem raskast. Þá er brýnt að forðast allt óþarfa rask á framkvæmdatíma og setja um það skýrar verklagsreglur.

Efnistaka úr námum er nauðsynleg þar sem efniviður úr skeringum mun ekki vera fullnægjandi. Ekki liggur nákvæmlega fyrir hvernig efnistakan mun fara fram en vinna þarf úr nýjum námum og er horft til áreyra Laxár og Hvammsár. Jákvætt er að horft verði til ráðgjafar og rannsókna Fiskistofu og Hafrannsóknarstofnunar til að skilgreina námusvæðin. Ef ráðgjöfin bendir til þess að svæðin henti illa er mikilvægt að huga að varaleiðum og þá ætti alltaf fyrst að horfa til efnistökusvæða sem eru þegar í notkun. Náttúrufræðistofnun vill einnig benda á að áreyrar geta einnig verið mikilvæg búsvæði fyrir fuglategundir m.a. á varptíma og taka þarf tillit til þess við skipulag efnistökkunnar. Þá ber að bæta rask á gróðri með uppgræðslu eins og við á og gæta þess að framandi ágengum plöntutegundum sé ekki dreift við tilflutning á efni.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllt,

*Snorri Sigurðsson*

Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs



Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík  
[skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is)  
[thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is](mailto:thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is)

19.maí 2023  
2023-04-79/0.11.2

## Efni: Umsögn Landsnets um kynningarskýrslu um Klofningsveg (590) í Dalasýslu

Landsneti barst, þann 26. apríl 2023, beiðni um að veita umsögn um kynningarskýrslu um Klofningsveg (590) í Dalasýslu vegna fyrirspurnar um matsskyldu. Um er að ræða endurbyggingu núverandi vegar á rúmlega 8,3 km löngum kafla á Klofningsvegi (590), milli Vestfjarðavegar (60) og Kýrunnarstaða í Hvammssveit í Dalabyggð. Umsagnafrestur er til 26. maí 2023.

Landsnet hefur farið yfir gögnin sem fylgdu erindinu. Hlutverk Landsnets er með lögum nr. 65/2003 að annast flutning raforku og kerfisstjórnun. Í umsögn Landsnets er fyrst og fremst tekin afstaða til málefna sem snúa að því.

Í kafla 3.6 í skýrslunni er gerð grein fyrir Geiradalslínu 1 og í kafla 5.2 um áhrif á landnotkun er vísað til þeirrar umfjöllunar. Í kafla 6.1 er Landsnet tilgreint sem samráðsaðili og hefur Vegagerðin verið í sambandi við Landsnet.

Landsnet telur rétt að áréttu að þar sem Geiradalslína 1 þverar Klofningsveg er fyrirséð að framkvæmdir við fyrirhugaða endurbyggingu geta haft áhrif á rekstur línunnar. Mikilvægt er að samráð við Landsnet verði haft tímanlega. Í sumum tilvikum geta svona framkvæmdir haft í för með sér að taka þarf mannvirki fyrirtækisins tímabundið úr rekstri, sem þarf að undirbúa með góðum fyrirvara.

Landsnet telur því mikilvægt að við frekari undirbúning verksins, við útgáfu framkvæmdaleyfis og verktaki sé upplýstur um að ekki má hefja vinnu nálægt flutningsvirki í rekstri, nema fyrir liggi heimild frá fyrirtækinu. Upplýsa skal Landsnet ef vinna er fyrirhuguð nærri spennuhafa háspennulína og hugsanlegt er að Landsnet skipi spennuvörð á verkstað á meðan á framkvæmdum stendur, á kostnað framkvæmdaraðila. Sérstaka aðgát skal hafa við vinnu nærri eða undir spennuhafa háspennulína og virða skal öryggisfjarlægðir. Tryggja þarf persónuöryggi á framkvæmdatíma, sem og að framkvæmdin ógni ekki afhendingaröryggi rafmagns. Sjá nánar leiðbeiningar vegna vinnu undir og í nálægð við háspennulínur.<sup>1</sup>

Virðingarfyllst,

---

Rut Kristinsdóttir

---

<sup>1</sup> <https://landsnet.is/library?itemid=aa387f47-9400-49c8-b7cf-0f7a63489156>

# Undirritunarsíða

Rut Kristinsdóttir



Undirritað af:  
Rut Kristinsdóttir  
1209675689  
Dags: 19.05.2023  
Tími: 14:10:56  
Astæða: Samþykkt  
Signet ID: d22137c0-  
87ec-4a73-861d-  
df896f0b650d